

Fréttabréf Síðuskóla

1. bréf - ágúst - skólaárið 2021-2022



Kæru foreldrar, nemendur og starfsfólk!

Þá er sumarfríð að baki og skólastarf hefst að nýju með skólasetningu þann 23. ágúst. Kennsla hefst svo samkvæmt stundaskrá þriðjudaginn 24. ágúst kl. 8:10. Það er ekki óskastaða en vegna Covid-19 er enn takmarkaður aðgangur inn í skólann og því mæta nemendur einir á skólasetningu. Vegna takmarkana verða engir stórir viðburðir eða fjölmennir fundir með foreldrum fyrst um sinn.

Eins og staðan er í dag þá eru 355 nemendur í skólanum og um 85 starfsmenn. Við bjóðum bæði nýja nemendur og nýtt starfsfólk velkomið í hópinn til okkar.

Við þurfum að hafa að leiðarljósi einkunnarorð skólans ábyrgð, virðingu og vináttu og vera samstíga í að byggja upp framsækinn og öflugan skóla þar sem allir eru metnir að verðleikum og líður vel. Við tökumst á við þennan heimsfaraldur eins og við höfum gert og vonum að við náum að halda úti skólastarfi eins og kostur er, þetta er samstarfsverkefni eins og öll önnur verkefni sem okkur eru færð. Við hlökkum til samstarfs við ykkur í vetur.

Með góðri kveðju!

Ólöf, Malli og Helga

Skólasetning Síðuskóla 2021

Síðuskóli verður settur mánudaginn 23. ágúst. Tímasetningar eru sem hér segir:

2. - 4. bekkur kl. 9:00.

5. - 7. bekkur kl. 9:30.

8. - 10. bekkur kl. 10:00.

Nemendur mæta í sínar heimastofur (sjá hér að neðan) og koma síðan á sal með starfsfólki. Vegna takmarkana sem eru í gildi mæta nemendur í 2.-10. bekk einir á skólasetningu. Við getum reiknað með að nemendur verði klukkustund í skólanum.

Foreldrar og nemendur í 1. bekk verða boðaðir sérstaklega í viðtöl hjá umsjónarkennurum 20. og 23. ágúst. Viðtölin eru rafræn og eru umsjónarkennarar búnir að senda bréf heim.






Heimastofur árganga

1. bekkur - stofur 52 og 54
2. bekkur - stofur 55 og 57
3. bekkur - stofur 13 og 14
4. bekkur - stofur 11 og 12
5. bekkur - stofur 22 og 23
6. bekkur - stofur 25 og 26
7. bekkur - stofur 31 og 32
8. bekkur - stofur 41 og 42
9. bekkur - stofur 43 og 44
10. bekkur - stofur 45 og 46

- 1.-3. bekkur - inngangur D
4. bekkur - inngangur C
- 5.- 6. bekkur - inngangur B
- 7.-10. bekkur - inngangur A



Heimsóknarreglur í skólann

Foreldrar og aðrir gestir eru vinsamlegast beðnir um að ganga inn um aðalinngang við íþróttahús og þaðan beint til ritara ef þeir eiga nauðsynlegt erindi í skólann. Gestir skulu vera með grímur og spritta hendur í forstofu áður en lengra er haldið. Einnig er hægt að hringja í síma 462-2588.

Umsjónarkennarar skólaárið 2021-2022

- 1. bekkur - Matthildur Stefánsdóttir og Margrét Baldvinsdóttir
- 2. bekkur - Kristín Haraldsdóttir og Magnea Guðrún Karlsdóttir

- 4. bekkur - Elfa Björk Jóhannsdóttir og Harpa Hermannsdóttir
- 5. bekkur - Jóhanna Ásmundsdóttir og Sigríður Emilía Bjarnadóttir
- 6. bekkur - Hafdís María Tryggvadóttir og Kolbrún Sveinsdóttir
- 7. bekkur - Hrönn Bessadóttir og Katrín María Hjartardóttir
- 8. bekkur - Einar Logi Vilhjálmsson og Þorbjörg Ólafsdóttir
- 9. bekkur - Dagný Gunnarsdóttir og Heiða Björg Guðjónsdóttir
- 10. bekkur - Sigríður Jóhannsdóttir og Sonja Björk Dagsdóttir

